

Erindisbréf fyrir umhverfis- og skipulagsráð

Stjórnskipuleg staða

Umhverfis- og skipulagsráð starfar í umboði bæjarstjórnar að skipulags- og byggingarmálum, umhverfismálum og umferðarmálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Skipan ráðsins

Í umhverfis- og skipulagsráði eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp nr. 991/2020. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Umhverfis- og skipulagsráð getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Bæjarstjórn kýs formann. Ritarar ráðsins er byggingarfulltrúi eða skipulagsfulltrúi Vestmannaeyjabæjar.

Hlutverk

Hlutverk umhverfis- og skipulagsráðs er að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins í skipulags- og byggingarmálum, umhverfismálum og umferðarmálum.

Ráðið hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda á grundvelli gildandi ákvæða í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Hafi afgreiðsla ráðsins í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal slík afgreiðsla ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn og öðlast hún ekki gildi fyrr en með samþykkt bæjarstjórnar.

Ráðið gerir tillögur til bæjarráðs og bæjarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
- Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
- Afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 1. mgr. 42. gr. laganna.
- Afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi skv. 13., 14. og 15. gr. skipulagslaga.
- Ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr.

- Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
- Samþykkt og kynningu lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr., skipulagslaga. Nr. 991 28. september 2020
- Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
- Ákvörðun um heiti á götum, vegum, torgum og hverfum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn nafnanefndar.
- Ákvörðun um samþykkt á framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir.
- Að fylgja eftir samþykktri stefnu í málaflokkum ráðsins hjá sveitarfélaginu.
- Að vera ráðgefandi fyrir bæjarstjóra, bæjarráð og bæjarstjórn í þeim málaflokkum sem undir ráðið heyrir.
- Að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið ráðsins heyrir og eftir atvikum koma með tillögum að breytingum.
- Að sjá um önnur þau verkefni sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði framkvæmda og hafnarmál.

Ráðið skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir þess og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í ráðinu setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Sé ráðinu ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, teljast ályktanir þess tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir ráðsins. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Starfshættir

Um starfshætti ráða og nefndar er fjallað í bæjarmálasamþykkt og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Umhverfis- og skipulagsráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaráætlun. Skal ráðið gera samþykkt um fundaráætlun á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra. Sé um að ræða fund, sem ekki er gert ráð fyrir að sé á samþykktri fundaráætlun, skal formaður tilkynna fulltrúum ráðsins um áætlaðan fund eigi síðar en 5 sólahringum fyrir áætlaðan fund. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef bæjarstjóri eða a.m.k. þrír fulltrúar ráðsins óska þess.

Formaður ráðsins sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn með tölvupósti, þar sem fundarstaður er tilgreindur, tími og dagskrá fundar. Fundarboð skal sent fulltrúum ráðsins og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna ráðsmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður ráðsins skal halda bæjarstjóra upplýstum um störf ráðsins.

Eftirfylgni

Formaður ráðsins skal snúa sér til sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs eða eftir atvikum skipulagsfulltrúa eða byggingarfulltrúa með eftirfylgni staðfesta samþykktá ráðsins.

Réttindi og skyldur fulltrúa ráða

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í ráðinu gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarskóp nr. 991/2020 eftir atvikum.

Fulltrúa ráðs er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann tilkynna forföll til fundarboðanda og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Hver ráðsfulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í ráðinu en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn og fundarskóp nr. 991/2020 í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum ráðsins.

Fulltrúar í ráðinu og þeir sem sitja fundi þess eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Fulltrúi ráðs skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

Ráðið tekur ákvörðun um hæfi fulltrúa ráðsins. Ráðsfulltrúi sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Ráðsfulltrúi sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðar

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið þess heyrir. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarskóp nr. 991/2020.

Samþykkt í bæjarstjórn 1. júlí 2026